

Þrjú góð ár – útflutningur mjólkurafurða

Þrjú góð ár

Eins og fram hefur komið lét undirritaður af störfum fyrir Auðhumlu þann 1. júní síðastliðinn eftir ríflega þriggja ára starf hjá ykkur mjólkurbændum. Þetta verður minn síðasti leiðari í Mjólkurpóstinum og vil því nota tækifærið og þakka fyrir frábært samstarf á liðnum árum. Þetta tímabil hefur verið gefandi og hef ég haft mikla ánægju af því að hafa tækifæri til að sameina þau félög mjólkuriðnaðarins sem í dag standa að Auðhumlu og Mjólkursamsölnni. Þetta er sterk félög sem eiga góða möguleika á að vaxa og dafna til framtíðar. Grunnurinn að þessum félögum er starfsemi ykkar bænda og því mikilvægt að þið styðjið vel við bakið á Auðhumlu og Mjólkursamsölnni. Framundan eru verulegar breytingar hjá félögunum sem miða að því að lækka framleiðslukostnað og koma rekstri Mjólkursamsölnnar í jafnvægi.

Útflutningur mjólkurafurða

Þó svo að ég láti af störfum hjá Auðhumlu var það mér mikil ánægja að ná samkomulagi um að starfa fyrir ykkur áfram á þó aðeins öðrum forsendum en ég hef gert hingað til. Samkomulag er um að félagið Nýland ehf sem er í eigu minni og Agnars Friðrikssonar sjái um útflutningsmál á mjólkurafurðum á alla markaði nema Færeyjar og Grænland auk þess að aðstoða Auðhumlu með verkefni er tengjast sérleyfisvinnslu á skyri erlendis.

Skipulag samstarfsins er á þann hátt að Mjólkursamsalan er eigandi afurðanna en Nýland sér um framkvæmd útflutningsins og skipuleggur sölu- og markaðsmálin erlendis. Segja má að um útvistun sé að ræða af hálfu Mjólkursamsölnnar vegna þáttar í starfi félagsins með öllum eðlilegum fyrirvörum. Þóknun Nýlands fyrir þá vinnu sem félagið leggur vegna útflutningsins er umsýslugjald sem er ákveðin hlutfallstala og tekur mið af FOB verðmæti útflutningsins. Með þessu móti eiga hagsmunir beggja aðila að fylgjast að. Aðstoð við sérleyfisvinnslu byggir á einföldu tímagjaldi þannig að allur ávinningur liggur eðlilega hjá Auðhumlu vegna þeirra verkefna.

Undanfarin ár höfum við lagt áherslu á útflutning með sérstakri áherslu á skyrið. Ég er þeirrar skoðunar að útflutningur mjólkurafurða sé eitt af mikilvægastu þróunarverkefnum mjólkuriðnaðarins í dag. Í mínum huga er verkefnið einfalt, það snýst um það að auka verðmæti útflutningsins eins og kostur er þannig að hann geti staðið undir sanngjörnu útflutningsverði fyrir umframjólk til bænda. Í dag flytjum við út þrjár vörutegundir sem eru skyr, undanrennuduft og smjör. Skyrið er sérgreind afurð sem selst á háu og jöfnu verði á meðan undanrennuduftið og smjörið eru ósérgreindar afurðir sem sveiflast í verði eftir því hvernig framboð og eftirspurn á heimsmarkaði er á hverjum tíma.



Með því að auka útflutning skyrs á kostnað undanrennuduftis aukum við verðmæti útflutningsins verulega og getum þannig staðið undir hærri verði fyrir umframjólkina. Markaðsfærsla nýrra afurða tekur hins vegar tíma en viðtökur hafa verið góðar og ljóst að við eigum að geta aukið skyrútfllutninginn verulega á næstu misserum. Verkefnið er því vel skilgreint en til að ná góðum árangri þurfum allir sem koma að þessu mikilvæga þróunarverkefni að leggja sig fram til að ná árangri þar sem við leggjum áherslu á mikil gæði og góða þjónustu til handa viðskiptavinum okkar erlendis.

*Góðar kveðjur og bestu óskir
um góða tíð í sumar.*

Guðbrandur Sigurðsson

Samræming á sölu og dreifingu fersk- og ostavara hjá Mjólkursamsölunni

Nú eru loksins komnir til framkvæmda afar mikilvægir áfangar sem unnið hefur verið að undanfarin misseri til hagræðingar. Þann 9. júní s.l. hófum við upptöku á Navision sölu og dreifingarkerfi fyrir Mjólkursamsöluna. Á þessum tímamótum er fyrirtækið loksins komið í eitt upplýsingakerfi í stað fjögurra kerfa áður. Jafnframt var söludeild og tiltekt á Selfossi hætt frá sama tíma. Þar með berast allar pantanir (ferskvara og ostur) fyrir allt landið (utan svæði MS Akureyri og MS Ísafirði) inn til söludeildar MS Reykjavíkur og eru teknar til þar og komið í dreifingu. Af þessu á að skapast mikið hagræði í framtíðinni og verulegir fjármunir eiga eftir að sparast við þessa breytingu.

Sameining vörulagera á Bitruhálsi 1 og 2 er orðin staðreynd en í aðdraganda þess voru sett upp ný hillukerfi og sérstakur lyftarabúnaður tekinn í notkun. Flutningur osta og smjör lagers frá Bitruhálsi 2 til Bitruháls 1 fór fram helgina 23. til 25. maí s.l.

Flutningur á ferskvörum frá framleiðslustöðvum á plastbrettum í stað millibúagrinda hefur nú farið fram um nokkurt skeið.

Eðlilega mæðir mikið á öllum starfsmönnum MS í sölu og dreifingu þegar gengið er í gengum jafn róttækar breytingar og þessar. Mikið hefur m.a. mætt á þessum lykilstarfsmönnum að undanförunni vegna fyrrnefndra breytinga og hafa þessir ágætu menn staðið í eldlínunni. Frá vinstri talið Hermann Erlingsson afgreiðslustjóri, Ásgeir Jónasson aðst. afgreiðslustjóri, Þórður Jóhannsson dreifingarstjóri og Ari H. Richardsson forstöðumaður upplýsingasviðs.



Fréttir frá MS Selfossi

Í jarðskjálftanum sem varð kl. 15.45 fimmtudaginn 29. maí s.l. urðu þó nokkrar skemmdir á vélbúnaði hjá MS Selfossi.

Flest allur búnaður tankar, vélar og fleira færðist til um 15 til 20 cm.

Í skyrgerðinni féllu fjórir 10.000 litr. tankar í gólfið og voru þeir allir fullir af mjólk þegar þetta gerðist og tæmdust þeir allir.

Strax um morguninn daginn eftir skjálftann var hafist handa við að koma starfseminni í gang og þegar leið á föstudaginn voru flestar framleiðsludeildir komnar á full afköst.

Í skyrdeildinni þar sem mesta tjónið varð, var byrjað á því strax á föstudagsmorgninum að koma tönkunum sem féllu í gólfið út úr deildinni ásamt ónýtum lögnum, ventlum og dælum og hreinsa til.

Svo vel vildi til að á hlaðinu hjá okkur voru ó síló tankar sem voru nýkomnir til landsins frá Danmörku, en þessir tankar voru keyptir fyrir aðra starfsemi í búinu. Þeir voru settir inn í skyrdeildina í staðin fyrir tankana sem eyðilögðust og voru þeir komnir á sinn stað síðdegis á laugardeginum. Á sunnudeginum var haldið áfram vinnu við að stilla þá af og koma lögnum að þeim þannig að þeir kæmst sem fyrst í gagnið.

Nákvæmlega viku eftir að jarðskjálftinn reið yfir voru þrír af tönkunum tilbúnir til notkunar.



En þó að starfsemin sé komin í eðlilegt horf, þá er töluverð vinna eftir við að laga til eftir skjálftann, koma vélbúnaði, tönkum o.fl á sinn stað.

Einnig er verið að fara yfir öryggisatriði varðandi búnaðinn sem færðist til í skjálftanum, settar verða stífur og styrkingar á þann búnað sem menn telja að þurfi þess með.

Í skjálftanum mengaðist neysluvatnið frá bæjarveitunni af leir og öðrum óhreinindum og það var þess valdandi að síutækin sem notuð eru til framleiðslu á skyr.is, skyrdrykk o.fl vörum stífluðust svo rækilega að síurnar urðu ónýtar. Til að geta keyrt síutækin þá var brugðið á það ráð að sækja vatn til Þorlákshafnar.

Því miður þá er neysluvatnið ekki ennþá komið í lag og við höldum því áfram að sækja u.þ.b. 30.000 litr. af vatni á dag til Þorlákshafnar.

Mikið hefur mætt á starfsmönnum tæknideildar en þeir hafa unnið kraftaverk við að koma skyrgerðinni í gagnið á svo skömmum tíma og hefur vinnudagurinn verið langur hjá þeim frá því að skjálftinn reið yfir.

Undirritaður vil koma á framfæri þakklæti til allra starfsmanna MS Selfossi fyrir mikinn samhug, samtakamátt og æðruleysi við að koma starfseminni af stað eftir jarðskjálftann.

Guðmundur Geir Gunnarsson



Bændakynning

Nafn:

Skúli Þór Sigurbjartsson

Bú:

Sólbakki, 531 Hvammstangi

Heimilishagir:

Giftur Sigríði Hjaltadóttur og eigum við 2 tvö börn Ólöfu Rún 16 ára og Guðna Þór 13 ára.

Búskapur:

Fjós fyrir 32 kýr, fjárhús fyrir 170 kindur og hross til gamans.

Hvenær hófst þú búskap:

Við keyptum kýrnar af foreldrum mínum 1997 og jörðina 2002.

Hvað hefur breyst mest frá því að þú byrjaðir búskap:

Fyrst og fremst hefur hugsunin breyst að því sem snýr að búskapnum.

Hugsunin er nú að framleiða meiri og betri afurðir, afla meira og betra fódurs á hverja einingu.

Hver eru sóknarfærin í búskapnum í dag:

Hreinleiki íslenskrar náttúru, ræktun og tæknivæðing. Betri nýting á orku, t.d. vind-, raf- og metanorku.

Hvar kreppir skóinn í búskapnum:

Hátt olíuverð, háir vextir og ásókn fjárfesta í bújarðir.

Framtíðaráform þín:

Stækka og tæknivæða búið við fyrsta tækifæri.

Góð ráð til MS og Auðhumlu:

Mér finnst gangurinn í fyrirtækinu ágætur, en ég sakna þess að sjá ekki meira af ungu fólki og konum í stjórnunarstöðum.



Söludeild MS Selfossi lokar

Þann 9. júní síðastliðinn lokaði söludeild MS-Selfoss, í tengslum við það láta af störfum þær Áslaug Eiríksdóttir og Guðmunda Ólafsdóttir sem hafa starfað hjá söludeildinni. Áslaug hóf störf hjá M.B.F. 1. apríl 1981 og hefur því starfað þar í 27 ár og Guðmunda hóf störf 1. apríl 1987 og hefur því starfað í 21 ár hjá fyrirtækinu.

Þær Guðmunda og Ása segja að starfið hafi ekki breyst í eðli sínu í gegnum árin, þó að vinnubrögðin séu orðin önnur í dag en þau voru þegar þær byrjuðu. Vinnan hefur farið frá þenna yfir í tölvur, en samskiptin við viðskiptavini séu ennþá þau sömu.

„Að lokum viljum við þakka öllum fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum




og óskum fyrirtækinu alls hins besta í framtíðinni.“


Mjólkursamsalan þakkar þeim Guðmundu og Áslaugu fyrir gott

samstarf á liðnum árum og óskar þeim alls hins besta í framtíðinni.


Samanburður á frumutölu árin 2008 og 2007 hjá innleggjendum MS



Samanburður á líftölu árin 2008 og 2007 hjá innleggjendum MS



Innvigtun mjólkur á landinu eftir vikum



Útgefandi Auðhumla og MS

Ábyrgðarmaður:
Magnús Ólafsson

Ritstjóri:
Sigrún Halldórsdóttir, sigrunh@ms.is

Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst Auðhumla og MS á opnum vettvangi.

Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra, Magnúsi Ólafssyni, í síma 569 2200.

Sala á mjólkurvörum í maí 2008

Maí	Sala þús. 2007	Sala þús. 2008	Mism. þús kr.	Mism. %	Magn ltr/kg 2007	Magn ltr/kg 2008	Mism. ltr/kg	Mism. %
1. Ferskvörur	604.856	695.586	90.730	15.0%	4.394.245	4.373.912	-20.333	-0.46%
2. Ostar og smjör	436.919	497.476	60.557	13.9%	640.887	611.709	-29.178	-4.55%
Samtals:	1.041.775	1.193.062	151.287	14.5%				

Janúar-maí	Sala þús. 2007	Sala þús. 2008	Mism. þús kr.	Mism. %	Magn ltr/kg 2007	Magn ltr/kg 2008	Mism. ltr/kg	Mism. %
1. Ferskvörur	3.038.305	3.270.486	232.181	7.6%	21.922.941	21.771.774	-151.167	-0.69%
2. Ostar og smjör	1.895.000	2.191.703	296.703	15.7%	2.799.128	2.979.480	180.352	6.44%
Samtals:	4.933.305	5.462.189	528.884	10.7%				

Innvigtun og nýting greiðslumarks á verðlagsárinu 2007-2008

Landið september-maí:	2007-2008	2006-2007	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	92.930.820	90.883.563	2.047.257	2,25%
Greiðslumark	117.000.000	116.000.000	1.000.000	0,86%
Nýting greiðslumarks	79,43%	78,35%		

Landið janúar-maí:	2008	2007	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	54.910.229	54.053.679	856.550	1,58%

Vikuinnlegg síðustu 5 vikurnar:

Landið síðustu 5 vikur:	2008	2007	Mismunur	Hlutfall
19	2.674.808	2.641.536	33.272	1,26%
20	2.680.905	2.651.973	28.932	1,09%
21	2.690.726	2.644.795	45.931	1,74%
22	2.678.851	2.645.124	33.727	1,28%
23	2.666.541	2.639.982	26.559	1,01%
Samtals:	13.391.831	13.223.410	168.421	1,27%

Yfirlit mælinga hjá MS í maí 2008

Tímabil	V/MM/ÁÁ-V/MM/ÁÁ	Fita	Prót	Kas.	Ffs.	Úre.	Fmk.	Líftala	Frumut.	Fmj.	Fjöldi
	1/05/08 - 4/05/08	4,02	3,28	2,55	0,50	6,50	-0.545	16	255	231	2.795

Líftala í þúsundum hjá MS í maí 2008

% sýna í hverjum flokki miðað við líftölu

0-40	0-75	0-400	401-600	601-3000	yfir 3000
88,26	95,56	99,03	0,47	0,50	0,00